

Fundargerð 125. fundar Fræðslusjóðs

Þriðjudaginn 31. janúar 2022 kl. 13:00-14:30.

Haldinn í fjarfundi, en einnig er hægt að mæta í Skipholt 50b

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, , Eyrún Björk Valsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Magnús Ingvarsson.

Gestir: Harpa Maren Sigurgeirsdóttir (IÐAN), Nanna Bára Maríasdóttir (MSS)

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð (fskj. 01. fundargerð 124. fundar)

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og verður send til stjórnarmanna til undirritunar.

2. Framlag til Fræðslusjóðs og staðfesting úthlutanna 2023 (fskj. 02. Samþykkt úthlutun 2023)

Afgreiðsla: Stjórn staðfesti fyrri ákvarðanir varðandi úthlutun 2023. Sú breyting varð á fjármagni til sjóðsins að framlag til hans var hækkað um 11,8 milljónir frá því sem fram kom í fjárlagafrumvarpi og er 899,4 milljónir á árinu.

Óráðstafað af framlagi ársins eru 19,4 milljónir. Úthlutað er 880 milljónum sem skiptast þannig að teknu tilliti til hækkunar á framlagi:

Skipting sjóðs 2023. Samþykkt 25/10/2022	
Námleiðir	535.000.000
Ráðgjöf	150.000.000
Raunfærnimat	160.000.000
Þróunarverkefni	35.000.000
Óráðstafað	7.600.000
Samtals skv. fjárlagafrumvarpi	887.600.000
Framlag skv. fjárlögum	899.400.000
Mismunur	11.800.000
Óráðstafað af framlagi ársins	19.400.000

Úthlutanir skiptast þannig milli fræðsluaðila:

Fræðsluaðili	Námsleiðir 2023	Ráðgjöf 2023	Raunfærnimat 2023	Samtals
Mímir-símenntun	190.421.000	26.594.000	14.870.000	231.885.000
Framvegis	53.413.000	6.053.000	10.844.000	70.310.000
Starfsmennt	-	843.000	-	843.000
IÐAN	2.998.000	38.175.000	65.069.000	106.242.000
Rafmennt	-	3.009.000	8.812.000	11.821.000
Samt. höfuðb.svæðið	246.832.000	74.674.000	99.595.000	421.101.000
Símenntun Vesturlandi	23.036.000	10.672.000	9.293.000	43.001.000
Fræðslumst. Vestfj.	20.122.000	6.274.000	5.565.000	31.961.000
Farskólinn NV-landi	14.034.000	4.564.000	2.364.000	20.962.000
SÍMEY	66.767.000	11.687.000	9.949.000	88.403.000
Þekkingarn. Þingeyinga	10.210.000	7.754.000	4.273.000	22.237.000
Austurbrú	22.972.000	5.616.000	5.075.000	33.663.000
Fræðslunet Suðurlands	42.065.000	10.774.000	11.420.000	64.259.000
Viska Vestmannaeyjum	10.361.000	4.034.000	4.782.000	19.177.000
MSS	78.601.000	13.951.000	7.684.000	100.236.000
Samt. landsbyggðin	288.168.000	75.326.000	60.405.000	423.899.000
Samtals allt	535.000.000	150.000.000	160.000.000	845.000.000

3. INNA – Rafrænt raunfærnimat – Kynning frá IÐUNNI

Harpa Maren Sigurgeirsdóttir, sérfræðingur hjá IÐNUNNI fræðslusetri, kynnti Rafrænt raunfærnimat og ávinning þess.

Árið 2020 fékk IÐAN fræðslusetur þróunarstyrk úr Fræðslusjóði til þróa rafrænt raunfærnimat. Verkefnið var unnið í samstarfi við Advania og ráðgjöf veittu Menntamálastofnun og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Verkefninu er nú að ljúka og undanfarna mánuði hefur IÐAN nýtt sér kerfið við framkvæmd raunfærnimats. Kerfið tengist INNU og niðurstöður birtast þar ásamt öðru námi. Með þessari lausn er svo komið að allt raunfærnimatsferlið, frá umsókn einstaklingsins og þar til niðurstaða liggur fyrir er orðin rafræn. Öll gögn, hvort sem það eru gögn frá einstaklingi um reynslu og menntun, eða matslistar eru varðveitt rafrænt og eingöngu aðgengilegt einstaklingnum og þeim fræðsluaðila sem þar sem matið fer fram. FA sér um að matslistar séu í samræmi við námskrár eða hæfniviðmið. Einfaldar kerfið alla framkvæmd, auk þess sem pappírsgögn eru nánast úr sögunni.

Eina sem er ófrágangið á þessari stundu er hvernig standa eigi að rekstri kerfisins.

4. Leikskólasmiðja – Kynning frá MSS

Nanna Bára Maríasdóttir frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) kynnti árangur af kenna fólki af erlendum uppruna Leikskólasmiðju. Hugmyndin kom til vegna skorts á starfsfólki á leikskólum í Reykjanesbæ. Búin var til Leikskólasmiðja á grunni námskrár um Smiðjur frá FA, auk þess sem bætt var við 2 íslenskunámseiðum. Markmið námsins var að styrkja nemendur og aðstoða þá við að komast inn á íslenskan vinnumarkað. Verkefnið var samstarfsverkefni Skólar ehf, VMST og MSS.

Alls hófu 20 manns námið frá ýmsum þjóðlöndum og með ólíkan bakgrunn, bæði hvað varðaði menntun og reynslu. Árangurinn lofar mjög góðu og mörg þeirra eru þegar komin með vinnu, ekki aðeins á leikskólum, heldur einnig í öðrum greinum.

5. Tilnefningar í úthlutunarnefnd þróunarstyrkja

Afgreiðsla: Stjórnarmenn hvattir til að hraða tilnefningu svo hún liggi klár fyrir eigi síðar en á næsta fundi.

Síðasta nefnd var skipuð eftirfarandi:

NAFN	TILNEFND AF
Maj-Britt Hjördís Briem	SA
Hrafnhildur Tómasdóttir	Félagsmálaráðuneyti
Guðrún Edda Baldursdóttir	ASÍ
Jóhanna Þórdórsdóttir	BSRB
Einar Hreinsson	Skólameistarafélagi Íslands

6. Úttekt á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Til stendur að gera heildarúttekt á þjónustusamningi FA sbr. þjónustusamning mnrn við FA. Á þessari stundu hefur FA ekki fengið frekari upplýsingar um fyrirkomulag eða umfang úttektarinnar, en á vinnufundi um endurskoðun framhaldsfræðslukerfisins sem frn stendur fyrir kom m.a. fram að Menntavísindastofnun HÍ hefur verið falið verkefnið og starfsmaður þess er Dr. Ásgeir Brynjar Torfason, sérfræðingur í fjármálum. Viðfang úttektarinnar skal miðast við þau verkefni sem talin eru upp í 2. kafla þjónustusamningsins mnrn of FA m.a. því hlutverki sem Fræðslusjóði er ætlað samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu.

7. Önnur mál

a. Skipunartími stjórnar

Skipunartími stjórnar rennur út 12. febrúar 2023 og er þetta því síðasti fundur núverandi stjórnar. Þakkaði formaður stjórnarmönnum samstarfið, en minnti á að mikilvægi þess að ekki yrði skipti á öllum stjórnarmönnum, því með því myndi bæði reynsla og þekking tapast.